

## **Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur, ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda**

### **Úthlutunarreglur**

Í samræmi við 4. grein skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda skal stjórn setja reglur um úthlutanir og umsóknarferli styrkja úr sjóðnum.

Í skipulagsskrá kemur fram að markmið og hlutverk sjóðsins er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms og að úr hópi hjúkrunarfræðinga skuli þær sem hyggja á framhaldsnám í ljósmóðurfræðum hafa forgang. Markmiði er framfylgt með því að veita styrki sem rúmast innan þess ramma sem ákvæði skipulagsskrár setja.

Styrkir eru veittir til doktorsnáms. Áhersla er lögð á vönduð fræðileg vinnubrögð við gerð umsóknar og skulu styrkþegar skila skýrslu til stjórnar um nýtingu styrksins, framvindu og lok náms.

### **Ákvörðun um úthlutun og styrkfjárhæð**

1. Stjórn ákveður í hvert sinn um úthlutun styrkja á grundvelli síðasta endurskoðaðs rekstrar- og efnahagsreiknings, í fyrsta lagi hvort úthluti skuli styrkjum úr sjóðnum, í öðru lagi heildarstyrkfjárhæð og í þriðja lagi hvernig úthlutun skuli fara fram. Heimilt er að úthluta til styrkja allt að 3/4 af ávöxtun sjóðsins. Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn heimilt, í ljósi ávöxtunar og annarra aðstæðna, að safna saman leyfilegri úthlutun milli reikningsára og úthluta í einu lagi lausum hlut skv. reikningsskilum.

### **Heimild til tilnefningar eða auglýsingar**

2. Stjórn hefur heimild til auglýsa og úthluta styrk annað hvort samkvæmt tilnefningu eða samkvæmt auglýsingu.
3. Ákveði stjórn að úthluta samkvæmt tilnefningu leitar stjórn eftir tillögum til námsbrautar í ljósmóðurfræði, hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Telji stjórn tilefni til getur hún einnig leitað til stofnana utan Háskóla Íslands eftir tilnefningum.
4. Ákveði stjórn að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skal auglýst meðal rannsóknamanna, stúdenta og annarra sem auglýsingin á erindi til, í þeim miðlum sem talið er hverju sinni að nái til viðkomandi hóps. Dæmi um viðeigandi miðla væru innri vefir skóla, rannsóknastofnana, póstlistar félaga sem geta tengst tilgangi sjóðsins, miðlar fagfélaga innanlands- sem utan, eða aðrar boðleiðir sem eru til þess fallnar að ná til þess hóps sem ætlunin er að upplýsa hverju sinni.

### **Styrkhæfar umsóknir**

5. Styrkhæfar umsóknir skulu styðja við markmið sjóðsins. Veittir eru styrkir til doktorsnáms. Lögð er áhersla á að doktorsnámið sé við Háskóla Íslands og/eða í samvinnu við leiðbeinendur innan hans í tengslum við alþjóðlega viðurkenndar háskólastofnanir. Úthlutun grundvallast á gæðum doktorsverkefnis.

### **Mat á umsóknum**

6. Við mat á umsóknum er m.a. tekið tillit til eftirfarandi þátta:
  - Vísindagildis fyrirhugaðs rannsóknarverkefnis
  - Frammistöðu nemenda í grunn- og framhaldsnámi
  - Rannsóknavirkni leiðbeinanda
  - Aðstöðu til að framkvæma, ljúka rannsókn og birta niðurstöður

- Frágangs umsóknar
- Gagna sem styrkt geta umsókn, svo sem meðmæli og starfsferlisskrá umsækjanda

### Ferli úthlutunar

7. Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um úthlutun þegar ársreikningar liggja fyrir og miðast ákvörðunin að öllu jöfnu við 3. júlí sem er fæðingardagur Soffíu Þuríðar Magnúsdóttur stofnanda sjóðsins.
8. Miða skal við að auglýsing sé birt 8 vikum fyrir úthlutun en umsóknarfrestur er 4 vikur.
9. Í auglýsingu skulu alltaf koma fram eftirtalin atriði:
  - a. Heiti og markmið sjóðsins.
  - b. Heildarfjárhæð til úthlutunar.
  - c. Hvenær áætlað er að úthlutun fari fram.
  - d. Hvar tekið er á móti umsóknum ( hjá Styrktarsjóðum Háskóla Íslands).
  - e. Umsóknarfrestur.
  - f. Hámarks lengd umsókna (3 blaðsíður fyrir utan fylgiskjöl).
  - g. Óskað skal eftir að í umsókn komi fram:
    - i. Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang, sími og virkt netfang.
    - ii. Helstu atriði úr náms- og starfsferli umsækjanda og ritaskrá leiðbeinenda.
    - iii. Heiti doktorsverkefnis, markmið og vísindalegt gildi.
    - iv. Hnitmiðuð lýsing á verkefninu, að hámarki 150 orð sem verður nýtt til almennrar umfjöllunar og kynningar, hljóti verkefnið styrk.
    - v. Veigameiri lýsing á doktorsverkefni að hámarki ein blaðsíða.
    - vi. Tímaáætlun, fjárhagsáætlun og helstu samstarfsaðilar verkefnisins.
    - vii. Hvernig styrkurinn verði notaður.
    - viii. Annar fjárhagslegur stuðningur.
    - ix. Meðmæli.
10. Stjórn fær í hendur yfirlit yfir umsóknir frá verkefnisstjóra styrktarsjóða og tekur ákvörðun á grundvelli þess yfirlits.
11. Stjórn getur ákveðið að veita engan styrk.
12. Sé stjórnmeðlimur vanhæfur vegna hagsmunatengsla kallar stjórn inn varamann.
13. Stjórn getur ákveðið að leita til sérfræðinga til að meta einstakar umsóknir.
14. Ákvörðun um styrkúthlutun skal fara fram á stjórnarfundum.
15. Þegar stjórn hefur tekið ákvörðun um hver skuli hljóta styrk er umsækjendum tilkynnt um niðurstöðu og styrkfjárhæð millifærð á reikning viðkomandi. Senda skal fréttatilkynningu til fjölmiðla þegar úthlutað er úr sjóðnum. Ef tilefni þykir til má bjóða til sérstakrar athafnar. Styrkþega/um er gerð grein fyrir þeirri skyldu að tilgreina uppruna styrksins þar sem við á í ræðu og riti.
16. Styrkathöfn er í umsjón Styrktarsjóða Háskólans og skal greint frá henni opinberlega.

Þessar úthlutunarreglur voru samþykktar á stjórnarfundum minningarsjóðsins 13. desember 2011 og endurskoðaðar og samþykktar á stjórnarfundum 4. október, fyrir úthlutun 2013. Endurskoða þær skal fyrir úthlutun að ári.

---

Ólöf Ásta Ólafsdóttir, formaður

---

Guðlaug Einarsdóttir, ritari

---

Herdís Sveinsdóttir, meðstjórnandi